

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 8. desember.

Nr. 19/1913.

St. Th. Jónsson, Þórarinn
Guðmundsson, Sigurður Jóns-
son og Jón Stefánsson
gegn

Páli Guttormssyni fyrir hönd
Árna Sigurðssonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar hinn stefndi Páll bankaritari Guttormsson á Seyðisfirði fyrir hönd Árna Sigurðssonar í Krossgerði í Berufirði gegn eigendum og ábyrgðarmönnum firmans Helgi Björnsson & Co., þeim St. Th. Jónssyni, Þórarni Guðmundssyni konsúl, Sigurði Jónssyni kaupmanni og Jóni Stefánssyni útvegsbónda, öllum til heimilis á Seyðisfirði, til þess að fá þá dæmda til að greiða sér sem umboðsmanni nefnds Árna Sigurðssonar eftirstöðvar, 230 krónur, af upphæðum tveggja ávísana, er prókúruhafi firmans, Helgi Björnsson, hafði útgefið til handa Árna Sigurðssyni, en hann ekki fengið borgaðar að fullu hjá þeim, er ávísanirnar voru stilaðar til. Var málid dæmt í nefndum rétti 8. febr. þ. á. með þeim úrslitum, að áfrýjend-

urnir voru dæmdir til að greiða stefnda hina umkröfðu skuld, 230 kr., með 5% vöxtum p. a. frá 11. desbr. 1911 til borgunardags og 30 krónur í málskostnað.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 9. apríl þ. á., og hafa þeir krafist þess hér fyrir réttinum, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og honum breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kærnum og kröfum stefnda í málinu og málskostnaður dæmdur þeim fyrir undir- og yfirrétti eftir mati yfirdómsins. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjendur verði dæmdir í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ávísanir þær tvær til handa Árna Sigurðssyni, er krafa stefnda í máli þessu á hendur áfrýjendum er risin af, voru báðar útgefnar 26. okt. 1908 af Helga Björnsyni sem prókúruhafa verzlunarfélagsins Helgi Björnsson & Co. og í þess nafni og hljóðuðu upp á samtals 312 kr., en af upphæð þessari fengust að eins borgaðar við framvísun annarar ávísunarinnar 82 kr., af því að inneign verzlunarinnar var ekki meiri þar, og af hinni ávísuninni fekst ekkert borgað sökum þess, að sá, sem hún vísaði til um borgun, var hættur að geta svarað til skulda sinna. Voru þannig eftir ógreiddar af upphæð ávísananna 230 kr., og var verzlunarfélagið krafði um borgun á því af stefnda hálfu með bréfi 24. ágúst 1909, og var þeirri kröfu tekið líklega, en þó varð ekki af borgun, hvorki þá né síðar, er krafan var ítrekuð, og hefir stefndi því höfðað mál þetta gegn áfrýjendunum.

Því hefir eigi verið neitað í málinu, að umræddar ávísanir hafi verið útgefnar af prókúruhafa verzlunarfélags-

ins Helgi Björnsson & Co., né heldur því, að áfrýjendurnir séu skyldir að svara til skuldbindinga þess félags. En þeir halda því fram, að verzlunarfélaginu beri engin skylda til að svara til þess, þótt ávísanirnar hafi ekki fengist greiddar, því að það hafi ekki skuldað Árna Sigurðs-syni neitt og engin viðskifti við hann haft, og muni ávísanirnar að eins hafa verið fengnar Árna af Helga til innheimtu á inneign félagsins, er hann ætlaði vera, hjá mönnum þeim, er þær voru stílaðar til, en Helgi hafi átt að greiða Árna kaup fyrir sjóróðra á hans vegum og ætlað óleyfilega að kvitta á þennan hátt þá skuld, og hafi Árna hlotið að vera þetta kunnugt. Þessari staðhæfingu áfrýjanda hefir stefndi mótmælt og talið ósanna í öllu verulegu, og frekari rök eru ekki færð fyrir henni af hendi áfrýjenda. Það eitt er víst eða virðist viðurkennt í málinu, að Árni tók við ávísunum til greiðslu á kaupum fyrir sjóróðra, sem honum bar, en það er ágreiningur um, hvort hann hafði unnið til kaupsins í þjónustu verzlunarfélagsins eða Helga Björnssonar sjálfs utan félags, en sá ágreiningur skiftir í sjálfu sér eigi máli. Úr því að ávísanirnar voru útgefnar af löglegum umboðsmanni verzlunarfélagsins og til borgunar skuldar, er stefndi átti að fá greidda, þá var félagið skylt að ábyrgjast honum borgun þeirra að fullu, nema það færði sönnur á það, eða gerði sennilegt, að öðruvísi hefði verið um samið eða atvik lægju til annars. En það hafa áfrýjendur ekki gert. Það er líka alls ósannað, en neitað af stefnda, enda ofseint fram borið af áfrýjendum, að stefndi hafi vanrækt í nokkru að ganga eftir borgun á umræddum ávísunum eða að tilkynna áfrýjendum greiðslufallið. Það verður samkvæmt þessu að fallast á niðurstöðu aukaréttardómsins bæði um

aðalefnið og málskostnaðinn í héraði og staðfesta dóm-
þennan í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi
ber áfrýjendum að greiða stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýj-
endurnir Stefán Th. Jónsson, Þórarinn Guðmunds-
son, Sigurður Jónsson og Jón Stefánsson greiði
stefnda Páli Guttormssyni fyrir hönd Árna Sigurðs-
sonar í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember.

Nr. 42/1913.

Réttvísinn

gegn

Magnúsi Torfasyni.

Dómur:

Mál þetta er að boði Stjórnarráðs Íslands höfðað í
héraði gegn Magnúsi Torfasyni, sýslumanni í Ísafjarðar-
sýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, fyrir brot gegn 102. gr.
hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og var dæmt
í aukarétti Barðastrandarsýslu 2. júní þ. á. af Guðmundi
Björnssyni sýslumanni í Barðastrandarsýslu sem setu-